

Til stjórnvalda (uppf. 3.11.2020)

Baráttuhópur smærri fyrirtækja, einyrkja og sjálfstætt starfandi aðila í ferðaþjónustu sendir frá sér yfirlýsingu, kröfur og tillögur.

Allt frá upphafi faraldursins hefur verið ljóst að þessir tímar myndu reyna verulega á fyrirtæki og einyrkja í ferðaþjónustu og nú á haustmánuðum hefur óvissan og úrræðaleysið aukist. Smærri fyrirtæki, oft fjölskyldufyrirtæki með fáu starfsfólki og einyrkjar hafa tekið sig saman og krefjast sértækra úrræða yfirvalda fyrir þessa gerð rekstrar.

Það er deginum ljósara að slíkra aðgerða er þörf til þess að styrkja þessa gerð rekstrar svo hann komist yfir erfiðasta hjallann, vernda þekkingu og láta þá gífurlegu uppbyggingarvinnu sem hefur átt sér stað síðustu ár ekki fara til spillis og því er eftirfarandi yfirlýsing send út:

„Í ljósi þess rekstrarvanda, sem fyrirtæki og einyrkjar í ferðaþjónustu standa frammi fyrir, vegna aðgerða stjórnvalda í kjölfar Covid-19, hafa ferðaþjónustuaðilar með smærri rekstur sameinað krafta sína til að vekja athygli stjórnvalda á að þörf er á að grípa til sértækra aðgerða til bjargar smærri fyrirtækjum og einyrkjum í ferðaþjónustu. Þessi fyrirtæki hafa frá því í byrjun orðið að beygja sig undir ákvarðanir stjórnvalda er varða Covid-19, allskonar lokanir og takmarkanir sem hafa haft veruleg áhrif á starfsemina, beint og óbeint og ýmist dregið verulega eða algjörlega úr möguleikum á að halda rekstrinum gangandi með tilheyrandi tekjutapi og í sumum tilvikum algjöru tekjufalli.

Í upphafi einblíndu stjórnvöld á miðlungsstöru og stóru fyrirtækin í ferðaþjónustu, enda ef lítið er á tölurnar sést hvaða fyrirtæki hafa verið að nýta sér þessi úrræði. En betur má ef duga skal, þessi úrræði henta smærri fyrirtækjum og einyrkjum mjög takmarkað og sum þeirra alls ekki og lítið sem ekkert samtal hefur átt sér stað til þess að átta sig á þörfum viðkomandi og hvernig úrræðin nú hafa hentað og hvernig þau hafi nýst.

Okkur finnst við skilin útundan í aðgerðum stjórnvalda og finnst við hafa mætt skilningsleysi hvað varðar alvarleika málsins. 80% ferðaþjónustufyrirtækja eru lítil eða meðalstór fyrirtæki og að stórum hluta úti á landsbyggðinni, það að veita þessum ferðaþjónustuaðilum aðstoð er því byggðamál. Afkoma sveitarfélaga og sjálfbærni þeirra er líka í húfi. Yfirleitt eru lítil staðbundin fyrirtæki í eigu heimamanna og oftast en ekki einu sjálfbæru einingarnar á svæðinu. Hagnaður verður eftir heima í héraði, aðföng og vinnuafli koma oftast úr héraði og skapar tekjur sem verða eftir heima í héraði. Uppbygging ferðaþjónustu hefur verið leið til að skapa fjölbreytt atvinnulíf um allt land, tengst nýsköpun og verndun og kynningu á menningararfi þjóðarinnar, ýmiskonar handverki, matargerðarlist og annarskonar menningu, innlendri og erlendri og listum, bæði fyrir innlenda og erlenda ferðamenn.

Ferðaþjónustan hefur einnig átt sitt þátt í því að efla menningarlíf og vellíðan fólks um allt land með því að brjóta upp hversdagsleikann með því að bjóða upp á fjölbætta afþreyingu. Bæði mannlíf og menningarverðmæti eru í húfi, því sé ekki stutt við ferðaþjónustuaðila á þessum tímum, hvað á að bjóða ferðafólki framtíðarinnar upp á þegar það birtist á ný og hvað á að gera við alla þá uppbyggingu sem hefur átt sér stað...en verður nú að engu sé ekkert að gert. En eins og staðan er núna, þá eru engir ferðamenn, hvorki innlendir né erlendir. Fólki er ráðlagt að halda sig heima og fara ekki á milli héraða, sökum veirunnar, svo að hún dreifi sér ekki um allt land og fyrirtæki sem hafa unnið að því hörðum höndum að byggja sig upp og auðga mannlíf landsins eru nú að niðurlotum komin, og það er ekki eins og ferðaþjónustuaðilar beri ábyrgð á stöðunni, okkur eru allar bjargar bannaðar. Undir þessu verður ekki setið mikið lengur.

Því miður hafa þau úrræði sem boðið hefur verið upp á ekki verið að virka sem skyldi, sérstaklega fyrir ferðaþjónustuaðila með smærri rekstur og skilið alltof marga eftir í úrræðaleyfi. Það er líka of mikil óvissa með komandi úrræði svo við látum í okkur heyra og krefjumst samtals og úrræða sem henta þessu hópi, við erum jafn fjölbreytt og ferðaþjónustuaðilarnir eru margir og þarfirnar til þess að koma rekstrinum í gegnum þetta ástand eru margvíslegar, því þarf að horfa yfir stórasviðið og bjóða fjölbreyttari úrræði sem henta fleirum eigi ferðaþjónustan að geta viðhaldið mannauði og þekkingu svo hún geti tekið við sér þegar fer að birta til

Því skal þó haldið til haga að hér er ekki verið að gagnrýna sóttvarnaaðgerðir heldur hæg viðbrögð og úrræðaleyfi stjórnvalda þegar kemur að ferðaþjónustuaðilum, sérstaklega þeim sem eru með smærri fyrirtæki og þeim sem eru einyrkjar.

Kröfur okkar og tillögur eru meðal annars:

1. Hraða aðgerðum, þörfin er núna. Það er ekki tími fyrir langar umræður og vangaveltur. Í dag eru fyrirtæki/einyrkjar í greiðsluvanda....ef aðgerðir fara ekki að komast í gagnið stöndum við frammi fyrir að fyrirtæki/einyrkjar lendi í djúpum skuldavanda.
2. Tekjufallsstyrkir séu háðir sem minnstum skilyrðum og allir eigi möguleika á að sækja um. Að tekjufallsstyrkir séu ekki bara bundnir við laun starfsmanna heldur séu engar hömlur á því hvernig styrknum er ráðstafað innan rekstrarins þannig það sé einnig hægt að greiða t.d. fastan kostnað (rekstrarkostnað). Tekjufallsstyrkir séu ekki háðir skerðingum og skattskyldir. Útvíkka starfsmannafjölda þannig að úrræðið nái til sem flestra og það sé *frekar hugsað sem veltuprósentu en starfsmannafjölda/starfsgildi*. Að miðað sé við 31. mars þegar horft er til starfsmannafjölda eða reksturs í eðlilegu horfi. Einnig þarf að horfa til fyrirtækja sem rekin eru á verktöku eins og mörg smærri fyrirtæki og geta þá ekki sýnt fram á eiginlegan launakostnað en geta sannarlega sýnt fram á tekjufall.
3. Styrkjaleiðir frekar en lán og þá sé tryggt að styrkir nýtist og séu ekki skattskyldir og fyrri aðgerðir skerði þá að sem minnstu leyti, þ.e. að það að hafa nýtt sér fyrri aðgerðir bitni ekki á viðkomandi þegar kemur að seinni aðgerðum.
4. Lausnir fyrir fyrirtæki til að halda sér á floti í formi styrkja, t.d. að fyrirtækjum í ferðaþjónustu yrði gert kleift að loka rekstrinum í t.d. sex mánuði (fram á vor) eða svo lengi sem landamæraaðgerðir og sóttkvíarkrafa er viðvarandi, gegn mánaðarlegum lokunarstyrk sem miðaðist við t.d. lágmarks rekstrarkostnað viðkomandi fyrirtækis eða einhversskonar hlutfallslokunarstyrkjum. Ath. að mörg fyrirtæki eru með 1 starfsmann og í flestum tilvikum er 1 starfsmanna eigandi og eigandi má ekki nýta sér t.d. uppsagnastyrkinn.
5. Hlutfallslokunartyrki sem koma til móts við skerta starfsemi vegna fjölda-, tíma- og fjarlægðatakmarkana og aðgerða á landamærum og tilheyrandi tekjutapi vegna þeirra, beint og óbeint.
6. Úrræði í fleiri flokkum t.d. eftir stærð og gerð rekstraraðila þannig að þau nýtist sem best - fyrirtækin/einyrkjarnir eru jafn mismunandi og með jafn mismunandi þarfir og þau eru mörg.
7. Endurskoðun á úthlutunarreglum fyrri aðgerða, en margar af þeim reglum útiloka smærri fyrirtæki og einyrkja, t.a.m. hvað varðar stuðningslán/brúarlán og uppsagnarstyrk t.d. hvað varðar eiganda sem starfsmann. Aðlagja úrræðin að smærri fyrirtækjum með færra starfsfólki og einyrkjum. Taka út kröfur um 10% launahlutfall af rekstrarkostnaði í stuðningsláni þar sem mörg smærri fyrirtæki eru rekin með verktökum á álagstímum.
8. Stuðningslán eru til of skamms tíma. Setja þau upp sem þolinmótt fé, eitthvað í líkingu við hin nýtilkomnu hlutdeildarlán til fyrstu íbúðarkaupa. Einnig að stuðningsláni og brúarláni séu endurgreidd með % af innkomu eftir að hlutirnir fara að rúlla. % talan þarf að vera um 10- 12 % max. Fyrsta afborgun í júní 2024.
9. Endurskoðun á hlutabótaleið, sem flestir eru þó að reyna að nýta sér, með tilliti til mismunandi þarfa. Þau fyrirtæki sem að geta ekki haldið opnu, lítil og meðalstór ferðaþjónustufyrirtæki á landsbyggðinni, geta illa nýtt sér hlutabótaleiðina og eigendur mega ekki nýta sér uppsagnarstyrki

(Ath að mörg fyrirtæki eru með 1 starfsmann sem er eigandinn). Það eru engir viðskiptavinir og innkoma jafnvel engin og þrátt fyrir hlutabótaleið væri hún þá dýrari heldur en að hafa lokað.

Að fyrirtæki geti nýtt starfsmenn að fullu þó farin sé hlutabótaleið, það gefur augaleið að fyrirtæki með 5 eða færri starfsmenn halda ekki uppi neinni starfsemi, viðhaldi tækja, markaðsetningu né nokkru öðru sem þarf ef fyrirtækin meiga ekki nýta starfsfólk nema að verulega skertu leiti. Fólk vill vinna en má ekki. Við minnum á að t.d markaðsetning og viðhald markaðsetningar er grundvallaratriði ef á að ná hraðri viðspyrnu þegar að henni kemur.

10. Einyrkjar og eigendur lítilla fyrirtækja sem hafa þurft að hætta rekstri vegna Covid19 fá allir fullan bótarétt til atvinnuleysisbóta.
11. Áframhaldandi frystingu lána fyrir alla og kröfu um samvinnuvilja að hálfu bankanna.
12. Tímabundið afnám tryggingagjalda.
13. Tímabundið afnám fasteignagjalda og ýmissa annarra gjalda sem hægt er að afnema eða lækka.
14. Tímabundna niðurfellingu á dráttarvöxtum vegna skulda opinberra gjalda.
15. Tekið sérstakt tillit til fyrirtækja með stutta viðskiptasögu, fjöldi fyrirtækja eru stofnuð fyrstu 3 mánuði ársins 2020 og geta því ekki miðað við tekjur 2019.
16. Samræma aðgerðir á landamærum við önnur lönd, taka þátt í alþjóðasamfélaginu og setja reglur sem eru fyrir sjáanlegar leiðir
17. Samtal – samæfing – skilningur á stöðunni á hverjum tíma! Tímanlegar og tryggjar áætlanir og aðgerðir.

(Kröfu- og tillögulistinn er ekki tæmandi og er í stöðugri vinnslu.)

Viðauki = Við viljum einnig benda á að bak við þessa starfssemi er fólk sem að steig djörf skref til að skapa störf í sinni heimabyggð og verði þau skilin eftir í kuldanum, er það ekki hvati til framtíðar, fólk sem að lagði allt sitt undir, eigur og vinnuframlag, er afhent þeim sem allt eiga, á brunaútsölu. Það er því mikið réttlætismál að þetta fólk fái hjálp og stuðning stjórnvalda, eins og um náttúruhamfarir væri að ræða, því hvað er þetta annað en hamfarir. Á bak við fyrirtækin á þessum lista eru um það bil 3.500 manns. Langflest þessara fyrirtækja erum rekin af fjölskyldum sem samastanda af hjónum með 2-3 börn og sama er að segja um annað starfsfólk þessara fyrirtækja, að jafnaði er maki og 2-3 börn á bak við hvern starfsmann.

Vekjum athygli á hópnum **SAMSTAÐA SMÆRRI FYRIRTÆKJA OG EINYRKJA Í FERÐAÞJÓNUSTU** á Facebook, þar er vettvangur fyrir ferðaþjónustuaðila til umræðu um þessi mál og enn er hægt að skrá sig á undirskriftalistann.

Undir yfirlýsinguna skrifa 211 aðilar í rekstri smærri fyrirtækja og einyrkja

1A guesthouse	251042-4629	Erling Petursson	Flóahreppur
Absolute Iceland	470406-2240	Jakob Guðjohnsen	Kópavogur
Afþreyingarhópin ehf	500611-0650	Haraldur Gretarsson Bender	Mosfellsbæ
ahsig ehf (Ásakaffi Glaumbæ og Brekkukot)	610102-3280	Auður Herdís Sigurðardóttir	Skagafirði
Allsgáðar Íslandsferðir ehf	591104-2920	Baldvin Jónsson	Kópavogi
Always Iceland	440512-1350	Óli J Kristjánsson	Kópavour
Amarok Adventures	160992-4419	Alberto Ojembarrena	Reykjavik
Amazing North	500516-1190	Halldór Ingvason	Akureyri
Apotek Guesthouse	630914-2050	Ingibjörg Guðmundsdóttir	Höfn í Hornafirði
Arabær holiday home	30271-5649	Sævar Örn Sigurvinsson	Flóahreppur
Arctic Fox Travel	161017-1670	Kristján Stefánsson	Akureyri
Arctic One ehf	590717-0370	Birgir Pálsson	Akureyri
Arctic Shots ehf	520216-2860	Bragi Kort Guðmundsson	Hafnarfirði

Arnarstakur ehf Landscape Photography	590811-0170	Páll Jökull Pétursson	Selfoss
Atlandsflug ehf	630204-4880	Sveinbjörg Eggertsdóttir	Kópavogi
Auroratours ehf	421209-0220	Kristinn Guðjónsson	Garðabær
ÁM-ferðir ehf. (rútur/leiðsögn) -	511203-2520	Árni Magnússon	Reykjavík
Árnes ferðaþjónusta	560317-1070	Pórður Ingvason	Skeiða- og Gnúpverjahar
Bakland að Lágafelli	250473-5599	Sæunn Þóra Þórarinsdóttir	Austur Landeyjar
Best Travel ehf	470793-2019	Eggert Gunnarsson	Reykjanesbæ
Bismarck ehf (Aurora Reykjavík)	520911-1700	Hörður Finnbogason	Reykjavík
Bjarni S. Hjálmtýsson sjálfstætt starfandi bílstjóri	020557-5759	Bjarni S. Hjálmtýsson	Reykjavík
Boreal ehf	701299-5079	Þorvarður Ingi Þorbjörnsson	Reykjavík
Brunnhóll ehf .	590515-0860	Sigurlaug Gissurardóttir	Mýrum Hornafirði
Brú Guesthouse	640801-2710	Bryndis Emilsdóttir	Hvolsvöllur
By the lighthouse	200261-3729	Halldór Hafdal Halldórsson	Vatnsleysuströnd
Cabin & Art ehf	580608-0350	Erla Berglind Einarsdóttir	Reykjanesbæ
Central Guesthouse ehf	701215-3110	Hlynur Loki Laufeyjarson	Reykjavík
Cool Travel Iceland (Cool Inspiration ehf.)	660209-0690	Bjorn Gudmundsson	Kópavogur
Country Dream	681011-0480	Fríður Sólveig Hannesdóttir/ Ragnar Valur Björgvinsson	Flóahreppur
Daytrips.is /AT Skoðunarferðir ehf	470189-2069	Hjálmar Georgsson	Hafnarfirði
Dingull ehf	641017-0940	Dagur Freyr Ingason	Reykjavík
Direkt ehf	700310-0190	Ragnar	Mývatn
Discover ehf	691110-0790	Georg Aspelund	Reykjavík
Djúpmýnd ehf	631287-1079	Maia Irena	Ölfus
Dreamvoices ehf	611207-4330	Jón Rúnar Hilmarsson	Reykjanesbær
Egils Apartments (Bogatýr ehf)	530809-0640	Guðrún Björk Sigurjónsdóttir	Reykjavík / Borgarnes
Einar Berg Olsen Leigubílstjóri	141077-3339	Einar Berg Olsen	Suðurnesjabær.
Eldhraun ehf	440602-3390	Jón Hrafn Karlsson	Kirkjubæjarklaustur
Eldhúsfarir Cucina Travel	470513-2680	Jóna Fanney Svavarsdóttir /Erlendur Þór Elvarsson	Húnavatnshreppur
Eldstó ehf	590804-3040	G. Helga Ingadóttir	Hvolsvelli
Extra mile	650614-0110	Óskar Ólafsson	Reykjavík
extreme icelandic adventures	470709-0730	siggi bald	Akureyri
Fallstakur/ Glacier Journey	520509 0970	Laufey Guðmundsdóttir / Guðlaugur J Þorsteinsson.	Höfn
Fantastic Fjords ehf	470616-0670	Sædis Ólöf Þórsdóttir	Suðureyri
Fararsnið ehf.	710304-2890	Jón Karl Einarsson	Kópavogur
Ferðaaakstur slf	560712-0730	Kristinn Guðjónsson	Reykjavík
Ferðaþjónusta Country Dream	681011- 0480	Fríður Sólveig Hannesdóttir	Selfoss
Ferðaþjónustan Brúnastöðum ehf	680911-0530	Stefanía Hjördís Leifsdóttir	Fljótum
Ferðaþjónustan Hólmi	130863-7449	Guðrún Guðmundsdóttir	Hornafirði
Ferðaþjónustan Lýtingsstöðum	050373-2239	Evelyn Ýr	Varmahlíð
Ferðaþjónustan Steinsholti	020458-3649	Gunnar Örn Marteinson	Skeiða-og Gnúpverjahreppi
Ferðaþjónustan Vellir	230656-4759	Einar Einarsson, Sigurbjörg G Tracey	Vík
Ferjuklettur ehf.	620500-2670	Reynir Arnarson	Höfn í Hornafirði
Fermata North	140753-3199	Helga Arngrímsdóttir	Laugar Þingeyjasveit
Fiskirannsóknir ehf	560615-0780	Elli Steinar	Akureyri
Fjallaslóðir ehf	560704 2160	Ingibjörg G. Guðjónsdóttir	Reykjavík
Fjallsárlón ehf	530313-0260	Steinþór Arnarson	Öræfum

Fjórhlólaferðir Reykjavíkur ehf	550487-1369	Björgvin Kristinsson	Reykjavík
Fljótsbakki Farm Hotel	590299-3679	Emil Tómasson	Húsavík
Gandri Ventures ehf	430119-0600	Gunnar Andri Hlíðdal Kristinsson	Reykjavík
Geo Travel	711208-0380	Anton Freyr Birgisson	Mývatn
Gimbur gistiheimili, Reykjarhóll ehf	561014-0350	Sjöfn Guðmundsdóttir	Fljótum
Gistiheimilið Bitra - Árberg ehf	470408-0490	Vignir Guðmundsson	Flóahreppur
Gistiheimilið Bitra í Flóahreppi Árberg ehf	470408 0490	Sigurbjörg Práinsdóttir	Flóahreppur
Gistiheimilið Bjarkarholt	310180-4169	Heiða Steinsson	Vesturbyggð/Hafnarfjörður
Gistiheimilið Flúðum	481113-0830	Sverrir Herbertsson, Helga Björg Bragadóttir	Flúðir
Gistiheimilið Hof	241166-3849	Sigurður Narfason	Snæfellsbær
Gistiheimilið Lambastöðum	140559-3509	Svanhvit Hermannsdóttir	Flóahreppur
Gistiheimilið Norður-Vík ehf.	450706-0190	Æsa Guðrúnardóttir	Vík
Gistiheimilið Pétursborg	210976-2219	Kristján Stefánsson	Akureyri
Gistiheimilið Steindórsstöðum	060155-3059	Pórarinn Skúlason	Borgarbyggð
Gistihúsið Ársalir	440614-0780	Kolbrún Hjörleifsdóttir	
Gisting Miðskeri, Assa1969 ehf	500717-1140	Anna Sigurbjörg Sævarsdóttir	Höfn
Gravel travel ehf	601016-0950	Valthor Valdimarsson	Seltjarnarnes
Green energy travel	610510-1750	Magnús Rúnar Kjartansson	Reykjavík
Guðlaugur S. Sigurgeirsson ehf/Dalahyttur	611299-3979	Guðrún Björg Bragadóttir	Búðardalur
Guðmundur Óli Pálmason, ökuleiðsögumaður	180378-4139	Guðmundur Óli Pálmason	Reykjavík
Guesthouse 1x6 ehf.	630414-0400	Andi Fischer	Keflavík
Guesthouse Borg	200961-4129	Björk Sverrisdóttir	Grindavík
Guesthouse Dalbær	690404-2220	Rut Sigurðardóttir	Hrunamannahrepp
Guesthouse Galleri Vík	600516-0279	Guðrún Sigurðardóttir	Vík
Halldór einyrki	101286-2589	Halldór Fannar Kristjánsson	Reykjavík
Haunfossr-Barnafoss ehf.	681016-0580	Krísturinn Snorrardóttir	Uppsveitum Borgarfjarðar, Reykholt
Háfjall ehf Dynjandi Guesthouse	530513-0410	Inga á Dynjanda	Hornafirði
Hákon Bjarnason ehf	550302-3490	Hákon Bjarnason	Reykjavík
Hálendingurinn slf.	600415-1230	Pétur Arnarsson	Hvammstangi
Hálsaból Sumarhús	640603-3210	Hjörtur Guðmundsson	Grundarfirði
HBBartels ehf / Travelling Iceland	430616-1020	Helga Bára Bartels Jónsdóttir	Reykjavík
Heima Holiday Homes Trix ehf.	610600-2120	Haraldur Þór Jónsson	Selfoss
Heimskauts skoðun.slf	571017-0320	Flosi Pálsson	Akranes
Helgibrjotur ehf	460716-0980	Helgi Helgason	Hvolsvöllur
Hestamiðstöðin Sólvangur	540317-1510	Sigríður Pjetursdóttir	Eyrarbakka
Hljómagangur ehf	461191-1509	Hinrik Bjarnason	Reykjavík
Hof í Vatnsdal	010763-3479	Eline Manon Schrijver	Vatnsdalur, Húnavatnshreppur
Holtagisting ehf	430214-0710	Eiríkur Steinsson	Grímsnes og Grafningshr.
Hótel Djúpavík	670286-1939	Magnús Karl Pétursson	Djúpavík
Hundasleðar Íslands ehf	670911-0200	Claire Thuilliez Nathaliesdóttir	Mosfellsbæ
Húsavík Green Hostel	070368-2269	Elke Christine Wald	Húsavík
Húsið Gisting	650220-0800	Steinunn Bjarnadóttir	Selfoss
Hvamból Apartment	060875-4999	Ólafur Ögmundsson	Vík
Ice Cave In Iceland ehf	621019-2360	Borgar Antonsson	Höfn í Hornafirði
IceAk ehf	670509-1090	Þórður Már Björnsson	Akureyri

Iceland Hot Spot	500102-4460	Kristján E. Karlsson	Reykjavík
Iceland is niceland	570816-1600	Hugi Ingibjartsson	Reykjavík
Iceland Personal Tours. Libius ehf	681105-0260	Dagur Jónsson	Reykjavík
Iceland Unlimited		Jón Gunnar Benjamínsson	
Icelandic Cottages	460712-1490	Rósa Matthíasdóttir	Flóahreppur
Icelandic Cottages	460713-1490	Rósa Matthíasdóttir	Flóahreppur
Imagine Iceland ehf	671114-0199	Simone de Greef	Reykjavík
Imagine Iceland Travel	440618-0490	Ármann Hólm Smáráson	Akureyri
Í.S. Ehf.	470113-1370	Tryggvi Pétursson	Garðabær
Íslandshvöld ehf Lindartún guesthous	550402 3270	Baldur Eiðsson	Hvolsvöllur
Jóklaveröld ehf	680703-2560		Hornafjörður
Jópal ehf	610597-2389	Páll Halldór Halldórsson	Reykjavík
Jóreykir ehf	630305-0390	Hrafnhildur Guðmundsdóttir, Jóhannes Kristleifsson	Reykholt
Julia's Guesthouse	200571-3049	Julia Simeon	Flóahreppur
Katrine ehf (Gisting)	610311-1130	Katrin Erla Kjartansdóttir	Laugarvatn
kimpfler ehf - Hestaferðir	510210-0500	Monika Kimpfler	Borgarnes
Klettahlíð ehf		Petra Mazetti	Selfoss
Kraðak ehf	560807-0740	Anna Bergljót Thorarensen	Kópavogur
Kvíhólmi íbúðir	010260-3299	Gunnar H Sveinbjörnsson	Hvolsvöllur
Landmark kvikmyndagerð ehf	421001-2190	Dúi Landmark	Reykjavík
Langatorfa ehf-The Potato Storage	590517-2320	Regína Hreinsdóttir og Klaus Kretzer	Öræfi
Langhús horse	020173 3789	Arnþrúður Heimisdóttir	Fljótum
LavaWater	510288-2039	Bryndís Hulda Guðmundsdóttir	Borgarnes
LBferðir slf	470910-0620	Bjarni Guðmundsson	Hafnarfirði
Leiðsögn slf	531216-0240	Stefan Bjarnason	Reykjavík
Leikhópurinn Lotta	470507-1360	Anna Bergljót Thorarensen	Kópavogur
Lindarfiskur ehf.	590509 0350	Drífa Bjarnadóttir	Vík
Litlu leyndarmálin/málarafjelagið ehf	571007-1500	Magnús B. Jóhannsson	Borgarnes
Local Icelander ehf	700718-0180	Sólveig Valgerður Sveinbjörnsdóttir	Höfn í Hornafirði
Lukkuþróll slf	570519-1070	Gunnar A Birgisson	Reykjavík
Lumen ehf (The White House)	541114-0920	Agla Þyri Kristjánsdóttir	Reykholt
Luxury of Iceland	420913-0950	Laufey Linda Harðardóttir	Hafnarfirði
Lýngheiði ehf	540814-0740	Jakob M. Sæmundsson	Þykkvibær
Lækjarhús Farm Holiday	640512-2290	Frikki og Snæsa	Höfn
M&T/ Iceland Highlights	550817-1360	Pálmi Tung Phuong Vu	Reykjavík
M.G.Gisting - María Apartment	680415-1610	Olga Sædís Adalsteinsdóttir	Grundarfjörður
Magical Iceland (Y B Arthursson ehf)	560307 1010	Ýmir Björgvin Arthúrssen	Reykjavík
Mar Tours ehf	610917-0700	Sturla Már Jónasson	Selfoss
Minniborgir Cottage	470703-2960	Einar Kr Þorsteinsson	Grímsnesi
Mjóanes Accommodation	210365-4009	Elsa Björg Reynisdóttir, Magnús Kristjánsson	Egilsstaðir
Moonwalker ehf	410714-0430	Bessi Jónsson	Reykjavík
Mosabotnar ehf. (Ullarvinnslan Gilhagi og Gilhagi)	650119-1260	Guðrún Lilja Dam Guðrúnardóttir / Brynjar Þór Vigfússon	Öxarfirði
MTB HÚSAVÍK ehf	640418-2140	Reynir Hilmarsson	Húsavík
Nailed It ehf.	620119-0750	Karl Jóhann Guðmundsson	Hornafjörður
Naustið ehf	430506-2420	Ingunn Ásta Egilsdóttir	Húsavík

No17.is	250542-4889	Auðun Benediktsson, Ragnheiður Ragnarsdóttir	Akureyri
Nordic Holidays Garðabær	590110-1080	Jón Halldór Baldvinsson	Garðabær
Nordikó design ehf	511119-0220	Óðinn Kári Karlsson	
Norðurfrakt ehf	440708-0800	Ásmundur Halldór Einarsson	Selfoss
Oak Travel Service ehf.	480818-0160	Þórir Þorsteinsson	Reykjavík
ÓMARSIG slf - IC iceland	540512-1240	Sigurður Ómar Sigurðsson	Reykjavík
Panorama glass lodge ehf.	670516-0160	Sabrina Dedler	Hella
Prestshús 2 sveitagisting	290971-4039	Ragnhildur Hrund Jónsdóttir	Reynishverfi Mýrdal
Private Hire Iceland ehf	680319-0220	Logi Karakulin	Reykjavík
Prospera ráðgjöf	030261-5859	Ingólfur Harðarson	
PuffinTravel	670695-2479	Víglundur Þór Víglundsson	Reykjavík
Rauðuskriður	070965-4109	Ingveldur Guðný	Fljótshlíð
Rey ehf.	480502-2130	Geir Steinþórsson	Reykjavík
Reykjanes guesthouse	680406-1620	Einar Kr Þorsteinsson	Reykjanes
Reykjavík erupts	410910-1360	Dofri Hermannsson	Reykjavík
Reykjavík Bike Tours ehf.	440310-0790	Stefán Helgi Valsson	Reykjavík
River Apartments Selfossi	600115 1460	Kristín Hafsteinsdóttir	Selfoss
Rútuferðir ehf	690812-0100	Hjalti Allan Sverrisson	Grundarfirði
S&Aeignir	680918-1040	Aðalsteinn Stefni	Akureyri
Saudanes ehf.	670720-1280	Tatjana Jashtshuk	Reykjavík
Sefdalur Guesthouse	280873-4709	Rut Guðmundsdóttir	Hornafjörður
Selalækur Guesthouse	530818-0989	Kristín Egilsdóttir	Hella
Sigbílar ehf	520219 0800	Torfi Sigurbjörnsson	Hafnarfjörður
Siggi Jack	120963-4499	Sigurður T Jack	Reykjavík
Silva hráfæði ehf	681211-1360	Kristín Kolbeinsdóttir	Eyjafjarðarsveit
Skagahús ehf.	411117-1540	Gunnar Þór Gunnarsson	Skagatrönd
Skammidalur Gesthouse	670911-1870	Lara Oddsteinsdóttir	Vík
Skarðás Country Cabins	610316-2390	Ari Pálsson	Egilsstaðir
Skool Beans ehf	580320-1120	Holly Keyser	Vík
Skólavörðustígur 29a heimagisting	140855-4729	Guðbjörg Lilja Pétursdóttir	Reykjavík
Solstice Tours	480616-2430	Jon Frosti Tomasson	Reykjavík
South East ehf	460515-1060	Sigurður Guðmundsson	Hornafirði
Sólheimahjáleiga gistihús	080367-4069	Elín Einarsdóttir	Vík
Sponta ehf.	681003-2310	Helgi Þór Jónsson	Reykjavík
Sportvík ehf	480698-2159	Snjólaug María Jónsdóttir	Blönduós
St ferðir ehf.	570300-3850	Geir Steinþórsson	Reykjavík
Star Travel-Þúsund Stjörnur ehf	660613-0640	Reynir Már Sigurvinsson	Akureyri
Steinaskjól ehf	590516-1550	Aðalsteinn Stefni	Akureyri
Stórinúpur ehf	631208-0100	Olga Gísladóttir	Öxarfirði
Stundafriður ehf	410914-1150	Egill Valberg Benediktsson	Helgafellssveit
Sumarhús Katthamar	291276-2299	Nadine E. Walter	Stykkishólmur
This is Iceland ehf	440612-1800	Klemenz Geir Klemenzson	Hafnarfirði
Tinna Adventure	590405-1320	Ingólfur Finnsson	Breiðdalsvík
Tourguide ehf	600515-2090	Börkur Hrólfsson	Reykjavík
Trawire ehf	470212-0550	Karlotta Lind Pedersen	Mosfellsbæ
TripZig ehf	640320-2060	Sigurður Jónsson	Reykjavík

Ultima Thule	590296-2529	Óskar Helgi Guðjónsson	Reykjavík
Úlfhédinn slf	580917-0620	Þorkell Héðinn Haraldsson	Reykjavík
Við Faxa ehf.	520313-0360	Marta Sonja	Biskupstungur
Viking International Phototours ehf	501018-0740	Sigurður William Brynjarsson	Hafnarfirði
Vikingur gistiheimili	430504-3980	Magnús Þór Sverrisson	Reykjavík
Víðihvammur gisting ehf.	681019-1380	Jakob M. Sæmundsson	Þykkvibær
Vogasjóferðir	650417-0540	Símon Georg Jóhannsson	Suðurnes
wide Open	551215-0910	Leo Broers	Akureyri
Wild rover ehf	710117-0470	Gísli Þór Þorkelsson	Reykjavík
YourTransfer ehf	520516-0930	Unnur Ósk Kristinsdóttir	Kópavogi
Ytra Lón Farm & Retrea	500909-0560	Mirjam Blekkenhorst	Þórshöfn
Ýma - Náttúrukönnun ehf	660404-3680	Haukur Parelus	Garðabæ
Öfl ehf	42071-80710	Elísa Butt Davíðsdóttir	Vestmannaeyjar
Öndólfstaðir farm Bed&Breakfast	090469-5849	Aðalbjörg Tryggvadóttir	Laugar
Öræfaferðir ehf	521203-3310		Öræfi
Melanes ferðaþjónusta	160316-1620	Ástþór Skúlason	Patreksfjörður
Ásgerður G. Hrafnisdóttir, Jórvík	280875-5119	Ásgerður G. Hrafnisdóttir	Kirkjubæjarklaustur